

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri

Sveitarfélagið Árborg

10. febrúar 2022

### Efni: Samræmd móttaka flóttafólks og menntun barna á leik- og grunnskóla

Í febrúar 2021 undirrituðu eftirfarandi sveitarfélög; Akureyri, Árborg, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Reykjavíkurborg þjónustusamning við félags- og barnamálaráðuneytið um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks. Í þeim samningi er sérstaklega fjallað um hlutverk velferðarþjónustu og kostnað sem þjónustunni fylgir fyrir sveitarfélögin. Í þessum samningi er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni vegna menntunar- og frístundastarfs líkt og var gert í fyrri samningum um móttöku kvótaflóttafólks.

Menntun barna sem fá stöðu flóttafólks er mikilvægur liður í árangursríkri gagnkvæmri aðlögun barnafjölskyldna að samfélaginu og er undirstaða jöfnuðar. Í skýrslu nefndar um samræmda móttöku flóttafólks frá 2019, sem unnin var af félagsmálaráðuneytinu, er meðal annars bent á að huga þurfi sérstaklega að börnum sem eru með stöðu flóttafólks en mörg þeirra hafa misst mikið úr skólagöngu og eru jafnframt oft að kljást við ýmsa erfiðleika, svo sem áfallastreituröskun. Ungmennni þarfnast sérstakrar athygli hvað varðar aðgang að námi og undirbúning fyrir frekara nám. Meðal annars er kveðið á um að: „koma þarf til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra í gegnum þjónustu sveitarfélaga til dæmis með daggæslu, þ.m.t. frístundaheimili, leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar eða önnur menntaúrræði, eftir því sem við á. Einnig þarf að leggja áherslu á þátttöku barna í tómstunda- og félagsstarfi“ (bls. 23). Þar sem staða barna með rofna skólagöngu og óstöðugleika í lífi sínu er flókin þurfa þau mikinn stuðning til að geta tekið þátt í almennu skólastarfi eftir að þau hafa fengið stöðu flóttafólks. Huga þarf einnig að stækkandi hópi barna og foreldra þeirra í hópi kvótaflóttafólks og flóttafólks sem eru með mjög takmarkaða skólagöngu og menntun. Í ljósi þeirra aðstæðna er mikilvægt að börnum og fjölskyldum þeirra sé tryggður betri undirbúningur og stuðningur til að geta verið þátttakendur í almennu leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi en á almennt við um börn af erlendum uppruna. Það liggur ljóst fyrir að sá hópur sem um ræðir hefur litlar forsendur til þess að taka þátt í almennu grunnskólastarfi með jafnöldrum sínum án sérstakrar aðlögunar og stuðnings til viðbótar við það að ná tókum á íslenskunni. Það eru fjölmargar áskoranir fyrir börn bæði á leik- og grunnskólaaldri sem lúta að félagslegum, heilsufarslegum og námslegum þáttum. Til að markviss móttaka og inngilding í íslenskt samfélag heppnist sem best er mikilvægt að vinna heildstætt að málefnum barnanna og líta til allra ofangreindra þátta við skipulag náms, annars stuðnings og frístundastarfs. Menntakerfið er lykill að þátttöku í samfélaginu og hlúa þarf betur að þessum fyrstu skrefum inn í samfélagið.

### Fjárhagslegur stuðningur frá ríki til sveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku kvótaflóttafólks

Í samningum sem gerðir voru milli félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélaga um móttöku kvótaflóttafólks á árunum 2013 - 2017 var greitt grunngjald í leikskóla, kostnaður við sértækan stuðning í leikskóla og grunnskóla, kostnaður vegna aukinnar túlkþjónustu og handleiðslu fyrir starfsfólk, kostnaður vegna aukins stuðnings við börn í frístundastarfi og greiðsla grunngjalds vegna grunnskólakostnaðar og kostnaðar við frístundastarf. Í þjónustusamningi um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks sem undirritaður var í febrúar 2021 við Reykjavíkurborg eru engar greiðslur til málefna menntunar og frístundar. Sömu sögu er að segja um samninga við Árborg, Reykjanesbæ og Hafnarfjörð. Samningur við Akureyri rann hins vegar út í ágúst 2021. Að auki er ekki ennþá búið að þróa verklag varðandi þróunarsjóð sem hugsaður var fyrir sveitarfélögin sem taka þátt í móttökuverkefningu.

ÁRBORG	
Brnr: 02.92	Mótt: 15/2 '22
Ábmr: G.H.	Mnr: 2111321

## Fjöldi barna með stöðu flóttafólks á aldrinum 17 ára og yngri

Ár	Reykjavík	Hafnarfjörður	Reykjanesbær	Árborg	Akureyri
2019	82	35	22	6	4
2020	146	41	14	5	6
2021	276	54	20	13	17

Börnum með flóttabakgrunn hefur fjölgað mikið í leik- og grunnskólum síðastliðin ár og ljóst er að þeim mun halda áfram að fjölga á næstu árum. Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær þjónusta fólk í leit að alþjóðlegri vernd og nú eru 130 börn í leik- og grunnskólum í þessum sveitarfélögum í þeirri stöðu. Gera má ráð fyrir að mörg þessara barna muni fá stöðu flóttafólks á næstu mánuðum. Einnig hefur kvótaflóttafólki, fylgdarlausum börnum og ungmennum og fólki sem kemur á grundvelli fjölskyldusameiningar fjölgað, menntun þessara barna og sá sértæki stuðningur sem þau þurfa á að halda í aðlögun sinni er án fjárhagslegs stuðnings frá ríkisvaldinu eins og sakir standa.

Bæði rannsóknir og fengin reynsla sýna að flest börn með flóttabakgrunn eru með brotna skólagöngu og glíma við ýmsa erfiðleika sem tengjast aðstæðum sem þau koma úr. Taka verður tillit til tilfinningalegra, félagslegra og námslegra þátta við aðlögun, inngildingu og skiplag náms og annars stuðnings til lengri tíma. Mörg þeirra þurfa aðgengi að sálfræðiþjónustu vegna áfallastreituröskunar. Áfallamiðuð nálgun er mikilvæg í skólastarfi og foreldrasamstarfi og byggja þarf upp þekkingu starfsfólks með ráðgjöf, fræðslu og handleiðslu. Með fjölgun barna með flóttabakgrunn í leik- og grunnskólum hafa orðið til nýjar áskoranir fyrir þessar menntastofnanir sem mikilvægt er að þær fái tækifæri og bjargir til að vinna með.

Ofangreind sveitarfélög óska eftir því að þegar gerður verður nýr samningur við sveitarfélögin um samræmda móttöku verði samið um sérstakar greiðslur vegna skólaþjónustu, frístunda-, félags- og tómstundarþátttöku barna með flóttabakgrunn svo að sveitarfélögunum sé gert kleift að stuðla að farsælli aðlögun og inngildingu barna að íslensku menntakerfi og samfélagi.

*Karl Frímannsson sviðstjóri Fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar  
Guðrún Sigurðardóttir sviðstjóri Velferðarsviðs, Akureyrarbæjar*

*Fanney Dóróthea Halldórsdóttir, sviðstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar  
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar*

*Helgi Grímsson, sviðstjóri Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar  
Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar*

*Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs Reykjanesbæjar  
Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjanesbæjar*

*Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri Fjölskyldusviðs sveitarfélag Árborgar*